

1. Almennar upplýsingar

Heiti

Erlend verðbréfafjárfesting

Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, Upplýsingatækni og gagnasöfnun

Tilgangur

Gögnunum er safnað til hagskýrslugerðar og vegna ársfjórðungslegs uppgjörs greiðslujafnaðar við útlönd og erlendar stöðu þjóðarbúsins.

Heimildir

Gögnin eru unnin upp úr mánaðarlegum skýrslum frá innlánsstofnunum, lána- og verðbréfafyrirtækjum, lífeyrissjóðum, tryggingarfélögum, rekstrarfélögum verðbréfasjóða og fjármálafyrirtækjum í slitameðferð. Skilaaðilar geta bæði verið milligönguaðilar um verðbréfavíðskiptin og fjárfestar sjálfir.

Lagagrundvöllur

Grundvöllur upplýsingasöfnunar, uppgjörs og birtingar greiðslujafnaðar við útlönd hefur stoð í VI. kafla [laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands](#), og [lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992](#). Þessi lög (og viðkomandi reglugerðir, [reglur um upplýsingaskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga milli landa, nr. 13 frá 1995](#)) kveða á um upplýsingaskyldu innlendra aðila og trúnaðarskyldu starfsmanna Seðlabankans um gögnin sem safnað er til hagskýrslugerðar.

2. Aðferðafræði

Hugtök og skilgreiningar

Inn- og erlendum aðili

Skilgreining á inn- og erlendum aðila í BPM6 er samhljóma skilgreiningu í lögum um gjaldeyrismál nr. 70/2021 og lögum um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018. Innlendir aðili merkir sérhvern einstakling sem hefur lögheimili á Íslandi og lögaðila sem skráður er til heimilis á Íslandi, án tillits til ríkisfangs. Undanþegnir búsetuskilyrðum eru námsmenn og starfsmenn sendiráða. Þannig teljast íslenskir námsmenn og skyldulið þeirra sem búa erlendis vera innlendir aðilar og erlendir sendiráðsstarfsmenn teljast til erlendra aðila. Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

Verðbréf eru hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar (skuldaskjal) svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum (hlutafé).

Inn- og erlendum aðili merkir sérhvern mann og lögaðila sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili, án tillits til ríkisfangs. Undanþegnir búsetuskilyrðum eru námsmenn og starfsmenn sendiráða. Þannig teljast íslenskir námsmenn og skyldulið þeirra sem búa erlendis vera innlendir aðilar og erlendir sendiráðsstarfsmenn teljast til erlendra aðila. Erlendum aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

Viðskipti. Hér eru bæði viðskipti á frummarkaði og eftirmarkaði. Undanskilið eru skuldaskjöl sem innlendir aðilar hafa gefið út á erlendum mörkuðum, t.d. ríkisskuldabréf í erlendri mynt. Sýnd eru nettó viðskipti, þ.e. kaup mínus sala. Jákvætt formerki merkir nettó kaup eða hækkun eigna/skulda og neikvætt formerki merkir nettó sala eða lækkun eigna/skulda. Meðtalið í sölu eru skuldaskjöl á gjalddaga og viðbótahlutafé er fært sem kaup.

Hlutabréf er ávísun á ákveðinn eignarhlut hluthafa í fyrirtæki sem rekið er sem hlutafélag. Hlutafélagið gefur út sérstakt skjal (hlutabréf) til sönnunar því að eigandi þess (hluthafi) eigi ákveðinn hlut í eignum fyrirtækisins og árlegum hagnaði þess. Hlutabréf eru oftast viðskiptabréf, þ.e. þau geta gengið kaupum og sölum eins og tilgreint er í samþykktum félagsins. Verðbréfavíðskipti með hlutabréf fyrirtækja falla hér undir þegar um er að ræða viðskipti með minna en 10% eignarhlut í fyrirtæki. Tilgangur fjárfestingarinnar er ávöxtun en ekki sá að hafa áhrif á stjórn fyrirtækis. Þegar fjárfestir á minna en 10% hlut í fyrirtæki er um verðbréfaeign að ræða. Sé hluturinn stærri telst hann beinnar fjárfestingar. Við kaup á hlutabréfi fær kaupandi í hendurnar ávísun á tiltekinn hlut í fyrirtæki sem rekið er sem hlutafélag.

Hlutdeildarskírteini er fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína.

Skuldaskjal er skrifleg yfirlýsing útgefanda (skuldara) um skyldu hans til að greiða öðrum aðila (kröfuhafa) ákveðna upphæð ásamt vöxtum yfir tiltekinn tíma og endurgreiða lánið á gjalddaga.

Hið opinbera eru ríki og sveitarfélög ásamt stofnunum þeirra.

Innlánsstofnanir eru fjármálastofnanir sem hafa leyfi til að taka við innlánum almennings. En það eru viðskiptabankar og sparisjóðir.

Önnur fjármálafyrirtæki eru fjármálafyrirtæki önnur en innlánsstofnanir og seðlabankar, t.d. Íbúðalánasjóður.

Önnur atvinnufyrirtæki eru aðrir en fjármálafyrirtæki og hið opinbera. Fyrirtæki í eigu hins opinbera eru hér.

Langtímaskuldaskjöl eru skuldaskjöl útgefin til lengri tíma en eins árs, t.d. skuldabréf.

Skammtímaskuldaskjöl eru skuldaskjöl útgefin til skemmri tíma en eins árs, t.d. víxlar.

Verðmat. Viðskiptin eru bókuð á markaðsverði á hverjum tíma.

3. Áreiðanleiki gagna

Áreiðanleiki gagnasöfnunar byggist á því að skýrslur til Seðlabankans séu réttar, að þeim sé skilað tímanlega og að úrtakið nái vel utan um þýði erlendar verðbréfafjárfestingar. Skýrslurnar innihalda tölur yfir verðbréfavíðskipti mánaðarins ásamt endurmati og upphafs- og lokastöðu.

4. Endurskoðun gagna

Við hvert uppgjör eru fjárhæðir endurskoðaðar ef tilefni er til.

5. Birting

Gögn um erlenda verðbréfafjárfestingu eru birt á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#) einu sinni í mánuði.